

**Viðauki þrjú.**

Til byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks (BsVest) renna eftirfarandi tekjur:

- 1.1 Til BsVest skulu renna framlög úr sérstakri deild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sbr. 11. gr. samkomulags ríkis og sveitarfélaga um fjárhagsramma tilfærslu þjónustu við fatlað fólk, sem undirritað var 6. júlí 2010
- 1.2 Sveitarfélögin sem þátt taka í BsVest láta renna til byggðasamlagsins þann hluta útsvarstekna sinna sem eru til komnar vegna flutnings málefna fatlaðra, sbr. 4. gr. ofangreinds samkomulags ríkis og sveitarfélaga.
- 1.3 Stjórn BsVest skilgreinir árlega á hvern hátt þessir fjármunir deilast út til félagsþjónustuvæðanna.
- 1.4 Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna viðkomandi árs, byggja á framreiknuðum rekstrarkostnaði ársins á undan.